

Lokaverkefni til B.Ed. –prófs

# Horfinn barnaheimur

Líf og aðbúnaður sveitabarna í lok 19. aldar

Helga Sigurðardóttir

181270-3309

Kennaraháskóli Íslands  
Grunnskólabraut  
Maí 2007

## Ágrip

Í ritgerð þessari er fjallað um bernskuminningar Ólínu Jónasdóttur, *Ég vitja þín æska*. Ólína fæddist árið 1885 á Silfrastöðum í Skagafirði. Hún ólst upp hjá foreldrum sínum og ömmu fram til sjö ára aldurs en þá fór hún í vist á Kúskerpi í Skagafirði. Ólína dvaldi þar að mestu fram að fermingu. Einnig dvaldi hún síðar meir sem vinnukona á Kúskerpi. Saga Ólínu verður skoðuð sem heimild um líf og aðstæður barna í kringum lok 19. aldar.

Sjálfsævisögur og bernskuminningar varpa ljósi á líf liðinnar tíðar og margar slíkar minningar hafa verið notaðar sem heimildir innan sagnfræðinnar.

Það sem gerir minningar sem þessar sérstæðar og áhugaverðar er sú staðreynd að aðeins ein manneskja er til frásagnar um líf sitt og annarra samferðamanna.

Hér verður lögð áhersla á að rýna í texta Ólínu og draga fram skýra sýn á bernsku hennar.

# Efnisyfirlit

<b>ÁGRIP .....</b>	<b>2</b>
<b>EFNISYFIRLIT .....</b>	<b>3</b>
<b>INNGANGUR .....</b>	<b>4</b>
<b>LÍFIÐ Í SVEITUM LANDSINS Á SEINNI HLUTA 19.ALDAR .....</b>	<b>5</b>
<b>AÐBÚNAÐUR SVEITABARNA UM LOK 19. ALDAR .....</b>	<b>7</b>
Fæði, fatnaður og skjól.....	7
Barnið við ábyrgðarstörf.....	10
Kennsla og trúrækni.....	13
<b>SKEMMTUN SVEITABARNA UM LOK 19. ALDAR .....</b>	<b>15</b>
Leikir og önnur gleði .....	16
Upplyfting og tyllidagar .....	17
<b>TILFINNINGATENGL .....</b>	<b>20</b>
Aginn og áhrif hans.....	23
Einveran og kveðskapurinn .....	26
<b>ÓLÍKIR HEIMAR.....</b>	<b>28</b>
<b>HEIMILDASKRÁ.....</b>	<b>29</b>

## Inngangur

Í ritgerðinni er fjallað um bernskuminningar Ólínu Jónasdóttur, *Ég vitja þín æska*. Bernskuminningar Ólínu verða skoðaðar í þeim tilgangi að varpa ljósi á líf og aðstæður sveitabarna í kringum lok 19. aldar. Með því að rýna undir yfirborð textans má fá nákvæmari vitneskju en ef hefðbundin sagnfræði er skoðuð í þessum tilgangi.

Ritgerðin hefst á kaflanum *Lifð í sveitum landsins kringum lok 19. aldar*. Þar má finna lýsingu á lífi fólks til sveita á þessum tíma og varpar það ljósi á kjör og aðstæður þær sem Ólína og samferðafólk hennar bjó við.

Næsti kafli nefnist *Aðbúnaður sveitabarna kringum lok 19. aldar*. Í þessum kafla er fjallað um aðbúnað barna, þ.e. fæði, klæði og húsaskjól. Einnig er í þessum kafla fjallað um störf og nám barna.

Þriðji kafli nefnist *Skemmtun sveitabarna um lok 19. aldar*. Þessum kafla er ætlað að varpa ljósi á leiki barna, tyllidaga og aðra upplyftingu sem viðhöfð var á þessum tíma.

Fjórði kafli nefnist *Tilfinningatengsl*, og fjallar hann um agann og það harðræði sem Ólína mátti þola í vistinni. Einnig er fjallað um þau áhrif sem aginn hafði. Að lokum er fjallað um kveðskap Ólínu og það hvernig hann og einveran við hjásetur var henni hæli frá raunveruleikanum.

Fimmti og síðasti kaflinn, *Ólíkir heimar*, er eins konar niðurlag ritgerðarinnar. Hann fjallar um hversu ólíkt líf nútímans er, í samanburði við líf þeirra persóna sem fjallað er um í ritgerðinni. Einnig er fjallað um hvaða gagn nútímabörn gætu haft af því að kynnast þeim veruleika sem Ólína lifði í sem barn.

„Heimur versnandi fer”, segir máltækið. Ekki er hægt að segja að þetta máltæki eigi alltaf við. Í þessari ritgerð verður reynt að benda á það að aðbúnaður og kjör barna hafa batnað til muna á síðustu öldum og hversu miklu máli það skiptir að hlúa að hverjum einstaklingi.

## Lífið í sveitum landsins á seinni hluta 19.aldar

Til þess að geta skoðað líf vandalausra sveitabarna á Íslandi, á þessum tíma er rétt að byrja á því að glöggva sig örlítið á sveitalífi almennt.

Á 18. öld og fram á hina 19. var vinnuharka almennt mikil, sérstaklega þegar heyskapur var og einnig á vetrum þegar ullarvinnan fór fram. Víðast hvar var matur léttur og ekki nægilegur. Vinnufólk, börn og niðursetningar fengu oft minni matarskammta en húsbændur þeirra, eða þeir fullorðnu. Í samanburði við nútímakræsingar, hefur matur á þessum tíma verið afar fábrotinn og síður en svo ferskur eða bragðgóður. Vissulega hefur það verið mismunandi eftir efnahag og aðstæðum.

Enski málarinn Collingwood dvaldi hér á landi í kringum lok 19.aldar. Hann lýsir á raunhæfan hátt lífi og aðstæðum fólks, í bréfum til eiginkonu sinnar og barna.

Collingwood dvaldi nokkrar nætur á Sauðafelli í Dalasýslu. Hann virðist ekki hafa verið hrifinn af matnum sem hann fékk þar. Hann segir svo frá að bragðskyn Íslendinga hljóti að vera sérstakt og til þess að geta borðað þann mat sem boðið er upp á þurfi menn að vera glörhungraðir. Ennfremur nefnir hann að þar borði fólk rjóma og smjör með öllu.

Á þessa leið lýsir Collingwood aðstæðum á Sauðafelli:

Við vorum þrjár nætur á Sauðafelli og sváfum í þægilegu þakherbergi sem var þrifið fyrir okkur daginn eftir að við komum. Þetta er sagt fólkinu til hróss því að oftast eru gólfín þannig útlítandi að ég fer ekki úr skónum fyrr en ég sest á rúmstokkinn og get farið með fætuna beint upp í rúmið. Þetta gerir þeim ekkert til sem aldrei eru upp við slíkt, enda virðast allir hinir hraustustu (Haraldur Hannesson 1991:94)

Á bænum Odda á Suðurlandi virðast aðstæður ekki hafa verið eins góðar og á Sauðafelli. Þar segir Collingwood frá ryki, rusli og ólofti í húsinu (sbr. Haraldur Hannesson 1991:127).

Ennfremur segir Collingwood um bæinn Odda:

Þetta er eitt af veglegustu húsum á Suðurlandi og húsmóðirin er Reykvíkingur, mjög skemmtileg og aðlaðandi. En auðvitað er það engin hvíld að sofa í

slíkum kytrum. Jafnvel morgunkaffið megnar ekki að hressa hugann, og fáfræðin og sóðaskapurinn í þessu kotbændalandi eykur á leiðindin með hverjum deginum sem líður (Haraldur Hannesson 1991:127).

Þessi orð ferðalangsins verða að teljast fremur stór. Hann talar einnig um að Íslendingar komi ekki hreint fram og séu gestrisnir á afskekktum stöðum vegna forvitni og barnaskapar. Þeir taki tvöfalt meira gjald fyrir greiðasemi en gengur og gerist, á Vestur og Norðurlandi. Að lokum nefnir Collingwood að gáfur Íslendinga liggi helst á sviði bókmennta (sbr. Haraldur Hannesson 1991:124).

Það er athyglisvert að skoða líf sveitafólksins með augum erlenda ferðamannsins. Sennilega eru þessa lýsingar nokkuð raunhæfar, vegna þess að þær eru bæði jákvæðar og neikvæðar. Fremur myndu vakna upp efasemdir, ef einungis væri um annað að ræða.

Þegar kom fram á 19. öld og lengra fóru kjör fólks að batna og vinnutíminn styttest. Þó var vinnuharkan oft það mikil að fólk fékk ekki nægilegan svefn. Einnig voru rúmstæði oft bágborin og rúmfötin léleg. Bændur og heldri menn bjuggu oftast við betri kost en vinnuhjúin.

Húsakynni voru oft loftlítill vegna sótsins frá lýsislömpunum sem voru notaðir allt þar til steinolíulamparnir leystu þá af hólmi. Einnig voru baðstofurnar oft sótsvartar af reyknum sem lá yfir öllum stundum. Ef húsin láku myndaðist raki sem olli miklu ólofti inni í húsunum. Sums staðar voru kindur og kýr inni í baðstofum og það bætti ekki ástandið. Fólk fór sjaldan í bað, og þegar það gerðist þvoði það sér gjarnan með hlandi. Fatnaður var einnig sjaldan þveginn og allt hefur þetta magnað óloft í húsum. Þegar leið að jólum var hins vegar allt þrifið hátt og lágt, hýbýli, fatnaður og fólkið sjálft. Kind var gjarnan slátrað fyrir jólin til þess að fólk fengi nýtt kjöt á jölunum. Þessi kind var kölluð *jólaærin* (sbr. Jónas Jónasson 1934:3-9, 29-34, 205).

Vissulega má ekki gleyma því að aðstæður hafa verið misjafnar eftir bæjum og þær fóru fremur batnandi en versnandi þegar líða tók að lokum 19. aldar. Hins vegar eru ýmis atriði sem vert er að hafa í huga í þessu samhengi. Því verri eða bágari sem aðstæður fólks voru, því verri áhrif hlýtur það að hafa haft á sálarlífið. Myrkur, kuldi, hungur og áhyggjur hafa þjakað margan manninn. Húsmæðurnar þurftu margar að skammta matinn og gæta þess að birgðirnar entust út veturinn. Ekki má gleyma því að öll vinna var unnin með mannafla, eða hestafla. Engar vélar voru til hjálpar og því hefur vinnuálagið verið enn meira en ella ofan á langan vinnudag.

## Aðbúnaður sveitabarna um lok 19. aldar

Frá því á 18. öld og fram til loka þeirrar 19. má segja að afar lítil þróun hafi orðið á kjörum og lífi barna. Börn voru beygð undir vald hinna fullorðnu, og þeirra þarfir og skoðanir oftast en ekki virtar að vettugi. Þegar börn voru um 10 ára var gert ráð fyrir því að þau jafngiltu vinnuhjúum sem vinnukraftur (sbr. Loftur Guttormsson 1983:98). „Til þess að ná uppeldismarkmiðum húsagans hefur þótt vænlegra að fela stálpuð börn húsbóndavaldi annarra sem voru ólíklegir til að sýna þeim eftirlæti og vendu þau við iðni og vinnusemi” (Loftur Guttormsson 1983:101). Vissulega var allur aðbúnaður barna misjafn, en þau þurftu vel flest að vinna mikið og voru að mörgu leyti eins og litlir fullorðnir. Aðstæður barna, sem voru vistráðin tímabundið, eða varanlega og einnig aðstæður niðursetninga, voru að jafnaði öllu verri en barna sem bjuggu hjá foreldrum sínum. Efnahagur spilaði þó inn í þessar aðstæður þar sem atlæti barna var jafnan betra eftir því sem efnahagur heimilisins var betri.

### Fæði, fatnaður og skjól

„Fæði var af skornum skammti, en ekki slæmt. Í morgunmatinn var hræringur og flóuð mjólk, ein slátursneið og fjórði partur úr flatköku og tólgarmoli með, oft hamsatólg” (Ólína Jónasdóttir 1946:15). Á þessa leið lýsir Ólína morgunverðinum á Kúskerpi. Þetta telst nokkuð vel útlátinn og hollur morgunverður. Aðrar máltíðir dagsins voru svipaðar eða öllu veigaminni, en allur matur var skammtaður á Kúskerpi. Fæði hefur því verið mjög einhæft og börn hefur vissulega vantað alls kyns næringarefni og vítamín og hugsanlega fundið fyrir svengd allan daginn. Á kvöldin var skömmtuð mjólk sem var látin sjóða frá miðdegi og fram á kvöld. Þegar hennar var neytt var hún orðin þykk og rauðleit. Þetta var eini kvöldmaturinn og fengu karlmenn stærri ílát en kvenfólkið. Stundum voru baunir með kjöttægjum borðaðar á sunnudögum. Einnig var gefið kaffi og kandísmoli á sunnudagsmorgnum (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:16).

Fólk þurfti að nýta hvern bita og spara svo maturinn entist eins lengi og unnt var. Uppistaðan í fæði fólks var grautar, slátur, flatbrauð og kjöttægjur. Matarvenjur sem þessar urðu algengar á 19. öld. Það var einnig algengt víða í Skagafirði og í

Húnavatnssýslu að fólk fengi fisk og smjör með morgunmatnum (sbr. Jónas Jónasson 1934:35-36).

Ólína greinir ekki frá því að slíkur matur hafi verið á boðstólum á Kúskerpi í morgunmat, en nefnir þó að þegar farið var með ullina í kaupstaðinn var fenginn nýr fiskur í stað hennar. Var hann saltaður og látinn í súr og borðaður að vetrinum.

Einnig safnaði Krístrún miklu smjöri allt árið og seldi það síðan mest allt.

Á haustin var sláturtíð og var þá allt hirt sem hægt var að nota. Meðal annars voru garnir notaðar til matar. Þá var kreistur úr þeim saurinn og þær þvegnar vel í rennandi vatni. Að lokum voru hnýttir hnútar á báða enda þeirra og þær síðan fléttaðar saman. Næst voru þær soðnar og hreinsaðar enn betur. Að síðustu voru þær soðnar aftur með slátrinu og settar í súr. Vanalega voru þær gefnar hundum en þó kom oft fyrir að menn átu þær. Ólína segir meðal annars frá því að þegar hún sat yfir ánum fékk hundurinn súrar garnir eða kjötbein, en hún sjálf fékk í nesti brauðbita og skánir ofan af flóaðri mjólk (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:18,46).

Nokkuð hefur verið liðið á vorið, því að jörð var orðin græn. Pabbi var að búa sig í ferð út á Bæjarkletta til að sækja Drangeyjarfugl. Þær ferðir tóku marga daga, þurfti því að hafa nesti með sér. Mamma hafði geymt einn hangikjötslegg til þessarar ferðar, og nú var hann soðinn. Hún skar síðan kjötið utan af honum og lét það í öskjur og eitthvað af flatbrauði með; með þetta nesti fór pabbi. Um kvöldið áttum við Hjörtur, bróðir minn, að sækja kýrnar og reka frá túninu. Þá kom mamma með legginn, sem hún hafði skorið utan af og fékk Hirti hann, en mér konungsnefið, og með þetta fórum við og vorum ánægð, því að hér var þó matarbragð að finna. Nöguðum við beinin og sóttum kýrnar. Þegar heim kom, fengum við heitan korngraun og slátursyrju saman við og mjólkurdropa út á. Efast ég um, að nútímakræsingar smakkist betur en okkur smakkaðist sá grautur (Ólína Jónasdóttir 1946:5).

Þessi frásögn ber vott um mikla nægjusemi og sýnir hvað fólk hefur almennt búið við þröngan kost. Það þekkti ekki allsnægtir og því kunni það að meta það sem kostur var á. Börn nútímans myndu sennilega flest afþakka veitingar af þessu tagi og vart telja þetta til matar. Þetta er eitt dæmi um það hvað nútímabörn eru fjarri þeim veruleika sem Ólína ólst upp í.

Klæðnaður Ólínu þegar hún sat yfir ánum þá níu til tíu ára gömul:



Ekki man ég, hve gömul ég var, er ég fór fyrst að sitja hjá ánum, líklega á níunda eða tíunda árinu. Held ég, að nútíðarfólk geti vart trúað, hvernig búningur minn var í hjásetunni. Ég var í pilsgopa, sem saumaður var úr strigapoka, ekkert hald var á því, en dregið saman með snæri um mittið. Að ofan var ég í gamalli reiðtreyju af Krístrúnu, sem var stór kona, en ég lítil eftir aldri. Þar utan yfir kom svo treyja af gríðarstórum karlmanni, og náði hún niður á hæla. Á höfðinu hafði ég gamlan reiðhatt, en kollinn vantaði að mestu. Þá var fótabúnaðurinn ekki síðri. Allir skór til sumarsins voru gerðir fyrir fráferur, var það oft stór kippa, sem hengd var upp í eldhúsi og tekið af jafnóðum og nota þurfti (Ólína Jónasdóttir 1946:45).

Þessi lýsing sýnir glögg hvernig fólk þurfti að nýta hverja þjötlu og hverja spjör. Ennfremur segir Ólína að þó svo að hún hafi verið útbúin á þennan hátt í yfirsetunni þá hafi hún einnig átt hlý föt, ullarnærföt og vaðmálskjóla (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:46).

Húsakynni á Kúskerpi virðast hafa verið sæmileg en þar var torfbær með mjórri en langri baðstofu. Hún snéri frá norðri til suðurs og voru rúm húsbænda undir norðurstafni. Dóttir þeirra hjóna, Oddný, svaf í rúmi sem stóð til fóta við rúm foreldra hennar. Þau þrjú voru þau einu sem höfðu yfirsængur. Rúm vinnuhjúa stóðu saman og aftan við rúm Guðrúnar vinnukonu var lambastía á veturna. Sjálf svaf Ólína uppi í hjá Stefáni frænda Krístrúnar. Upphaflega var henni ætlað að sofa hjá Guðrúnu vinnukonu og hundinum hennar, en fyrstu nóttina var Ólína svo hrædd við hundinn að Stefán tók hana upp í til sín.

Í baðstofunni voru fjórir gluggar og á einum þeirra voru göt í gluggapóstinn sem voru opnuð þegar reykur úr eldhúsinu fyllti baðstofuna. Þetta segir að húsakynni hafi verið þokkaleg og hugsað hafi verið fyrir því að lofta reyknunni út. Fyrir ofan hvert rúm var hilla þar sem hver geymdi hníf, bollapör, spón og eitthvað fleira (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:10-11,13).

Þessar lýsingar bera vott um nákvæmni Ólínu, hún lýsir öllu mjög vel og lesandi getur séð fyrir sér aðstæðurnar sem hún bjó við í vistinni á Kúskerpi. Þetta var algengur húsakostur á þessum tíma; sumir hafa þó búið við mun verri aðstæður en aðrir við betri. Þannig er því háttáð í mannlífinu, fólk býr við misgóðar aðstæður.

## Barnið við ábyrgðarstörf

Eins og áður hefur verið getið, voru börn á öldum áður og einnig á síðustu öld gjarnan látin vinna og sum unnu á við fullorðna frá ungaaldri. Oft var ábyrgðin meiri en þau réðu við og kröfurnar sem voru gerðar til þeirra óraunhæfar. Ólína kynntist því af eigin raun í vistinni á Kúskerpi, að lífið var vinna og aftur vinna. Þó svo að hún hafi einnig vanist því að vinna á heimili foreldra sinna, þá var sú vinnutilhögun annars eðlis: „Við börnin vorum látin vinna, og sífellt brýnt fyrir okkur að vera trú í verkum okkar, hvað sem við gerðum, svo að sem mest og best gagn yrði að vinnunni. Ekki man ég þó eftir, að ég væri þreytt, enda aldrei langur vinnudagur heima hjá foreldrum mínum. En ég man, hversu mikil vinnugleðin var, þegar vel gekk“ (Ólína Jónasdóttir 1946:72).

Ólína kynntist margvíslegum störfum á Kúskerpi. Fyrst skal nefna að þar dvaldi gamall maður sem var orðinn visinn og var bak hans hlaðið graftarsárum. Krístrún húsfreyja sá um að verka sárin en það kom í Ólínu hlut að þrifa umbúðirnar. Hún mátti þvo þær úr köldu vatni, því næst þurfti hún að breiða þær á jörðina og að lokum þurfti hún að nudda þær á milli handanna til þess að mýkja þær, þegar þær voru orðnar þurrar. Ólína vill meina að rekja megi heilsuleysi hennar meðal annars til þessa verks, en hún var heilsulítill í mörg ár, áður en hún lést. Gamli maðurinn reyndist henni vel, var henni góður og sagði henni sögur á kvöldin (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:8). Á þessum árum var allt korn malað heima og kom það í Ólínu hlut að snúa kvörninni til að mala kornið. Þetta fór fram í eldhúsinu sem var oft fullt af reyk og því vont að standa við kvörnina. Ólína var svo lítil að hún þurfti að standa á kassa til þess að ná upp á kvörnina. Þó gekk verkið illa. Hún varð oft þyrst en mátti ekki fá sér vatn að drekka. Krístrún taldi henni trú um að hún gæti fengið vatnssýki og þyrfti þá meira að borða (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:21-22).

Engan skal undra að barnið hafi orðið þyrst og ekki verður hjá því komist að undrast þekkingar og skilningsleysi hinna fullorðnu, á þörf þess að drekka í reykmettuðu eldhúsinu við þessa iðju.

Á vorin var það helsta starf Ólínu að sitja yfir ánum. Henni þótti leiðinlegast að sitja yfir lömbunum og þótti meðferðin á þeim slæm. En þau voru bundin í svokölluð höft yfir daginn sem voru losuð á kvöldin. Oft voru lömbin hrædd og móð í þessum höftum. Þegar Ólína sat yfir ánum fannst henni erfitt að vakna snemma morguns til

Þess að sinna þessu starfi en segist þó ekki muna til þess að hafa sofnað fyrr en farið var að mjólka kindurnar. Kindurnar voru alltaf reknar í kvíar klukkan níu, kvölds og morgna, en taka þurfti mið af stöðu sólar, ef til hennar sást, vegna þess að engin úr eða klukkur voru til á bænum.

Sem fyrr eru lýsingar Ólínu nákvæmar og greinargóðar. Hún lýsir þeirri leið sem hún þurfti að reka kindurnar, meðan hún var smali á Kúskerpi og sat yfir kindunum. Ekki verður farið nánar út í það hér að lýsa þeirri leið sem hún þurfti að fara en ljóst er að hér hefur mikil ábyrgð verið falin ungu barni, en eins og áður er getið hefur Ólína verið um það bil níu til tíu ára þegar hún byrjaði. Ábyrgðin fólst ekki einungis í því að reka kindurnar, heldur þurfti að gæta þess að missa aldrei sjónar af neinni þeirra, þó svo að varast þyrfti að halda þeim of mikið í einum hnapp til þess að þær mjólkuðu ekki illa. Guðrúnu vinnukonu var falið að setja Ólínu inn í starfið og varaði hún hana við því sem áður er getið. Hins vegar sagði hún að kindur væru gefnar fyrir kveðskap og söng og Ólína skyldi gera sem mest af slíku. Þarna hafa skapast hinar bestu aðstæður fyrir ungu skáldkonuna að njóta sín með skáldskap, ein úti í náttúrunni með kindunum (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946: 46-47).

Á veturna var tóvinnu stunduð. Þrjónles var unnið og selt, einnig mikið af vaðmálum og dúkum. Ólafur húsbóndi óf fyrir heimilið, síðan var allt þrjónað í höndunum, sokkar, vettlingar, peysur og brækur. Ólína kveðst hafa verið ung þegar hún byrjaði að þrjóna og þegar hún var á tíunda ári var hún látin þrjóna peysu á Ólaf. Ólína veiktist meðan hún var að þrjóna peysuna og segir: „Sú peysa réð næstum niðurlögum mínum, því að ég veiktist og lá lengi. Alls staðar sá ég peysuna, jafnvel þó að hún væri flutt fram í skála. Mig dreymdi hana, þegar ég sofnaði og gat helst ekki um annað hugsað. Vel var hlynnt að mér, og allir voru mér góðir, meðan ég var veik“ (Ólína Jónasdóttir 1946:53).

Ólína hefur tekið þessu verki mjög alvarlega og haft mikinn vilja til þess að standa sig sem best, sem og í öllu sem hún tók sér fyrir hendur. Henni batnaði smám saman og ekki þurfti hún að þrjóna neitt þegar henni var batnað. Fljótlega þurfti hún þó, áður en hún var búin að ná sér að fullu, að fara að sitja yfir kindunum. Þá kom í ljós að hún var í raun fárveik ennþá og engan veginn tilbúin að fara að sinna nokkru starfi. Hún þurfti að hvíla sig við hverja þúfu og var kófsveitt. Að lokum sofnaði hún við eina þúfuna og vaknaði við það að maður af næsta bæ tók hana upp á hestinn sinn og reið með hana heim að Kúskerpi. Þegar þau komu í hlað til Ólafs, sagði maðurinn: „Þið farið nú senn að hafa það af að drepa krakkagreyið“ (Ólína Jónasdóttir 1946:54).

Þessi setning segir okkur ef til vill meira en orðin sjálf. Eitthvað virðist fólkið í sveitinni hafa velt því fyrir sér hvernig barnið var látið vinna. Sumum hefur sennilega þótt nóg um vinnuhörkuna og harðræðið. Þetta atvik sýnir glöggð hvað vinnuharkan var mikil. Einnig hefur sú hugsun verið ofarlega í hugum húsbænda að nýta sem best það vinnuafl sem hægt var að nota.

Á vorin voru túnin hreinsuð og allt sem rakað var saman var sett í stóra poka sem bera þurfti heim af túnunum. Ólína sinnti þessu starfi og vann það með Sigurði vinnumanni. Pokarnir voru svo stórir og þungir að Sigurður þurfti að lyfta þeim á bak Ólínu því hún var ekki nógu sterk til þess sjálf. Þau voru bæði hagamælt og stytta sér stundir með því að kveðast á. Eitt sinn þegar Ólína var komin með poka á bakið og var að leggja af stað með hann upp bratt túnið, bað hún Sigurð að vera búinn að gera vísu þegar hún kæmi aftur. Á leiðinni upp túnið missti Ólína pokann og varð að draga hann það sem eftir var, vegna þess að hún kom honum ekki upp á bakið aftur. Þegar hún kom til baka kvað Sigurður:

*Annað finn ei efni hér,  
eikin mundarfrera,  
gjör svo vel og greindu mér,  
gekk þér vel að bera?*

Ólína svaraði:

*Laufaver, því lýsi nú,  
lítill gerist kraftur,  
nær að vera þyrftir þú,  
þegar ber ég aftur*

(Ólína Jónasdóttir 1946:59).

Þrátt fyrir að Ólína hafi upplifað mikla vinnuhörku á Kúskerpi, langaði hana að læra meira til vinnu, þegar hún var seinna vinnukona þar. Hún greinir svo frá að hún hafi verið óánægð þar sem vinnukona vegna þess að hún var einungis látin spinna og þrjóna, en fékk ekkert að reyna fyrir sér í eldamennsku. Þetta var stuttu eftir andlát einkadóttur þeirra hjóna, Oddnýjar, en hún lést úr veikindum ung að aldri. Ólína talar um að mikill sorgarskuggi hafi hvílt yfir heimilinu á þessum tíma. Í kjölfarið af þessari dvöl á Kúskerpi fór Ólína að Laxamýri í Þingeyjarsýslu, þá sextán ára gömul. Þar lærði hún öll algeng heimilisstörf og líkaði vel. Ólína segir að þar hafi hún víkkað

andlegan sjóndeildarhring sinn. Það er ekki ætlunin að lýsa nánar dvöl Ólínu á Laxamýri (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946: 75, 85).

## Kennsla og trúrækni

Þegar Ólína kom í vistina á Kúskerpi var hún orðin nokkurn veginn læs og hafði lesið Mjallhvíti og Grýlu. Á Kúskerpi var henni ætlaður einn tími á dag til þess að æfa lestur, en þar voru aðrar áherslur en heima hjá foreldrum hennar. Hvorki Mjallhvít né Grýla voru taldar sæmilegar bækur. Í stað þeirra þurfti Ólína að lesa Vigfúsarhugvekjur. Ætla má að slíkur lesning hafi verið afar þungur fyrir svo ungt barn en hún vandist því fljótt að lesa gamla stílinn. Ef hún ruglaðist á orðum og las frelsari í staðinn fyrir freistara, fékk hún kinnhest. Einnig lærði Ólína marga af Passíusálmunum.

Eitt sinn var fenginn kennari til þess að kenna dóttur þeirra hjóna, meðal annars landafræði og dönsku.

Eitt sinn, meðan kennari þessi dvaldi á Kúskerpi, fóru allir til kirkju, nema ég og gamall maður. Kennslubækurnar lágu þá á borðinu, og náði ég í landafræðina og sat yfir henni, þegar fólkið kom heim. Þá varð húsmóðurinni að orði: „Guð hjálpi þessu aumingja barni, situr hún ekki með landafræðina. En hvar hefir þú Hallgrímskverið? (Ólína Jónasdóttir 1946:25).

Varla verður hjá því komist að spyjja hvers vegna hún fékk ekki að læra með heimasætunni Oddnýju, úr því fenginn var kennari á annað borð. Hugsanlegt er þó að greiða hafi þurft fyrir hvert barn sem átti að kenna og því hafi það ekki komið til tals að Ólína fengi kennslu sem þessa. Greinilegt er að Ólína þráði að læra og hún var iðin við það þó svo að henni væri talin trú um það á Kúskerpi að erfitt væri að kenna henni. Hún var látin læra utanbókar upphaf hverrar greinar í biblíusögunum og kveri Helga Hálfánarsonar. Hún lærði frammi í svokölluðum skála þar sem jafnan var kalt en hún hélt á sér hita með því að róa fram og aftur á meðan hún þuldi upp lærdóminn. Fróðleiksþorsta Ólínu hefur sennilega aldrei verið fullnægt. Þó var hún send á næsta bæ þegar hún var á tólfta ári og þar lærði hún að skrifa og reikna, ásamt nokkrum börnum úr sveitinni. Að lokum þurfti hún að taka próf í því sem hún hafði lært og var

hæst af öllum, en því hafði hún ekki átt von á. Þetta gladdi hana mikið og jók sjálfstraust hennar (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:50).

Mikil trúrækni var á Kúskerpi. Á hverjum sunnudegi voru lesnir húslestrar og hluta af vetrinum voru þeir lesnir á hverju kvöldi, einnig á daginn. Vigfúsarhugvekjur, Passíusálmarnir og kvöldlestrarbók Péturs biskups voru lesnar á Kúskerpi.

Yfir rúmi húsbóndans á Kúskerpi voru tvær hillur. Önnur var ætluð fyrir sögur og rímur en hin ætluð til að geyma guðsorðabækurnar. Eins og áður er getið var Ólína látin læra marga af Passíusálmunum og einhverju sinni þegar hún var að ganga frá þeim setti hún þá óvart á hilluna með sögubókunum. „Þetta þótti hin versta óhæfa, og bættist drjúgum á syndabyrði mína“ (Ólína Jónasdóttir 1946:24). Þessi saklausu mistök hafa þótt hinn versti löstur og það sýnir hversu mikill guðsóttinn hefur verið og í raun hversu miklar öfgarnar hafa verið í trúrækninni og hjátrúnni. Óttablandin virðing fyrir ósnertanlegum æðri öflum. Ennfremur er vert að hugleiða hvaða skömm barnið þurfti að taka á sig fyrir óviljaverk og sýnir nútímafólki svo gjörólíkan veruleika en þann sem við lifum í nú. Litla stúlkan, Ólína, hefur tekið á sig skömmina og sennilega trúað því að hún hafi gert eitthvað rangt og slæmt. En það verður ekki hjá því komist að skynja, að hin fullorðna Ólína sér þennan atburð í nýju ljósi, virðist ekki skammast sín neitt og er jafnvel örlítið kaldhæðin; „... og bættist drjúgum á syndabyrði mína“ (Ólína Jónasdóttir 1946:24).

Kirkjuferðir voru tíðar frá Kúskerpi og klæddist þá fólk sparifötum. Enginn mátti tala ógætilega eftir að sparifötin höfðu verið borin inn, og helst ekki hlæja. Ævinlega var lesin ferðabæn þegar farið var burt af heimilinu og Faðirvor á eftir. Þá var og signt fyrir dyrnar áður en gripahúsin voru yfirgefin að kvöldi og þegar Krístrún gerði skyr las hún alltaf eitthvað sem Ólína gat þó aldrei heyrt. Fólk fór gjarnan með borðbæn en þær voru misjafnar og til að mynda var farið með aðra borðbæn á heimili Ólínu en á Kúskerpi. Ólína lærði allt aðrar bænir hjá ömmu sinni og það var henni kvíðaefni þegar hún hafði dvalið um tíma hjá foreldrum sínum og ömmu, og var að fara aftur á Kúskerpi, að hún var búin að gleyma bæn sem hún hafði lært þar. Hún leitaði til ömmu sinnar sem greiddi úr vanda hennar, líkt og svo oft áður. Á Kúskerpi var Ólínu bannað að lesa þær bænir sem amma hennar hafði kennt henni og hún fann að þær þóttu ekki eins góðar og heimabæinir þar. Þetta þótti Ólínu undarlegt (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:25-27).

## Skemmtun sveitabarna um lok 19. aldar

Leikur er barni jafn eðlilegur og það að borða og sofa. Börn byrja ung að leika sér. Þau uppgötva tær og fingur og leika sér að þeim, dunda sér við að berja skeið í borðbrún, leika að hringlu eða bolta, - og gegn um leikinn uppgötva þau umhverfi sitt og öðlast aukinn hreyfiþroska (Bryndís Sverrisdóttir 1990:84).

Þær heimildir, sem til eru um leiki barna í kringum aldamótin 1900, koma flestar frá fólki sem ólst upp á þessum tíma. Þessar heimildir er að finna hjá Þjóðháttadeild Þjóðminjasafnsins. Í þeim kemur fram að flestir heimildamenn ólust upp í sveit og það kom fram í leikjum hversu skýr verkaskiptingin var á heimilum. Stúlkur lærðu að sauma og gátu því saumað sér brúður og brúðuföt en drengirnir smíðuðu sér báta og annað. Horn, bein og skeljar voru leikföng sem bæði drengir og stúlkur léku sér með. Einnig léku bæði kynin sér í hópleikjum og leikjum í snjó og á svelli. Hins vegar þótti það ekki við hæfi að stúlkur tækju þátt í miklum ærslaleikjum. Þó svo að tími til leikja væri ekki mikill, nýttu börnin hvert tækifæri og fóru jafnvel á milli bæja til þess að hitta önnur börn. Börn léku sér jafnt úti sem inni. Sumir heimildamenn nefna það að fullorðna fólkinu hafi ekki verið mikið um leiki og segja jafnvel sumir svo frá að enginn tími hafi gefist fyrir þá (sbr. Bryndís Sverrisdóttir 1990:90-92).

Það hefur vissulega verið misjafnt eftir heimilum hversu stóran sess leikurinn hefur skipað í lífi barnsins. Aðstæður, svo sem eins og efnahagur og vinnuharka, hafa haft sitt að segja í þessum efnum. Í dag er leikurinn álitinn afar mikilvægur liður í uppeldi barna og gjarnan vilja foreldrar og forráðamenn að börn leiki sér meira en raun ber vitni. Þetta felur í sér þónokkrar andstæður. Margt nútímabarnið kys að sitja langtímum saman við tölvuleiki og annað slíkt sem krefst hvorki hugmyndaauðgis né hreyfingar. Foreldrar vilja að börnin hreyfi sig meira og óttast einnig skaðleg áhrif hinna ýmsu leikja í tölvunni. Áður hefur það sennilega fremur verið áhyggjuefni foreldra að barnið léki sér of mikið og gerði ekkert gagn á meðan. En vissulega hafa sum börn fengið að njóta sín í leik og eignast ýmis konar leikföng sem hafa þó verið sjaldgæf.

## Leikir og önnur gleði

Krakkarnir fóru í ýmsa leiki, en ég hafði verið eina barnið á Kúskerpi og kunnir því tæpast að leika mér. Varð ég því sjaldnar þátttakandi í leikjunum en ella mundi, þó að mig langaði til að fylgjast með (Ólína Jónasdóttir 1946:50).

Þessi staðreynd er afar athyglisverð í ljósi þess að Ólína átti mörg systkini og einnig vegna þess að hún var um sjö ára þegar hún fór í vistina á Kúskerpi. Ennfremur hefur þess verið getið áður að vinnuharka var ekki mikil á heimili Ólínu og því hefði mátt ætla að tími gæfist fyrir leiki. Það er afar ósennilegt að hér sé minni Ólínu að bregðast vegna þess að flestar bernskuminningar eru litaðar af leikjum og þeirri gleði sem þeim fylgir. En hvergi minnst hún á leiki systkina sinna. Þó greinir hún frá því að á næsta bæ við Kúskerpi hafi verið drengur. Þeirra samskipti gengu ekki út á leiki heldur var samkeppni þeirra á milli um hvort þeirra ynni meira og betur. Þarna var Ólína á áttunda ári (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:54). Þetta segir töluvert um tíðarandann, uppeldishætti og það sem börnum hefur verið innrætt. Átta ára gömul stúlkan kaus fremur að sína fram á dugnað sinn gagnvart nágrennadrengnum, en að biðja hann um að leika við sig. Það er augljóst að ekki hefur verið lögð áhersla á það hjá hinum fullorðnu að þessi tvö börn lékju sér saman.

Hins vegar talar Ólína um annars konar upplyftingu á heimili foreldra sína.

Að vetrinum var lengi setið í rökkrinu, og var þá ýmist þrjónað, þæft eða undið band, og alltaf var eitthvað til skemmtunar jafnframt. Amma kunnir ógrynnin öll af sögum, æfintýrum, kvæðum og þulum, auk þess sem hún var þrýðilega hagamælt. Þreyttist hún aldrei á að skemmta okkur með því á þessum rökkurstundum. (Ólína Jónasdóttir 1946:72).

Ennfremur segir Ólína frá ýmsum leikjum sem þau fóru í og nefnir sérstaklega að hún óttist mest að þessir leikir tynist með öllu. Hún nefnir, útásetningarleik, gjafaleik og sjöorðaleik. Allt eru þetta orðaleikir eða innileikir. Ekki verður farið nánar út í þessa leiki hér, en sennilegt er að ekkert nútímabarn þekki þá. Ólína nefnir einnig að þau hafi kveðist á og skanderast og þá hafi verið gott að geta búið til vísu (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:72-74). Þetta var algeng skemmtun á þessum tíma.

„Aðalskemmtunin var nú sú, að spjalla saman, segja sögur, kveða vísur og rímur og skanderast“ (Jónas Jónasson 1961:245). Sögnin að skanderast merkir að kveðast á (sbr. Íslensk orðabók 2002:1304).



Ólína fjallar ekki um þessháttar skemmtun í vistinni á Kúskerpi. Það er greinilegt að kvöldvökurnar heima hjá foreldrum hennar eru hennar besta og skærasta minning frá leikjum bernskunnar. Það jákvæða við þessar stundir eru ógleymanlegar samverustundir barna og foreldra, ömmu og afa, svo og allra hinna sem voru í heimili. Þetta var hluti af hinu daglega lífi, ekkert annað gat truflað þessar stundir, svo sem eins og sjónvarp í dag, bíóferðir og matarboð. Því miður eru stundir sem þessar sjaldgæfar í dag, þó sumir foreldrar leggi mikla áherslu á samverustundir með börnum sínum. Munurinn er sá að kvöldvökurnar voru ekki skipulagðar, heldur sjálfssagður hlutur í lok hvers dags. Þarna gat fólk líka sameinað vinnu, skemmtun og samvistir með fjölskyldunni.

## Upplýfting og tyllidagar

Lifnaðarhættir gamla bændasamfélagsins voru fábreytilegir og því voru ýmsar árstíðabundnar uppákomur stórar stundir í lífi fólks og ekki síst barnanna t.d. sauðburður og réttir. Einnig gátu smávægileg atvik eins og gestakomur verið kærkomin tilbreyting í lífi barna (sbr. Símon Jón Jóhannsson 1990:75).

Atvik sem þessi eru mikils virði í bernskuminningum Ólínu. Göngurnar vekja upp ljúfar minningar hjá henni og þegar hún skrifar endurminningar sínar hverfur hún aftur í tímann heim að Fremri-Kotum, og rifjar upp:

Veðrið er kyrrt, loftið, heilnæmt og hreint, dalakýrröðin höfug, djúp og hlý eins og unglingsást. Stöku vængjablak fer um dalinn, flestir sumargestir eru horfnir. Túnið er bleikt og fölt, en kýrnar kroppa það af hógværd og iðni. Nokkrir hestar standa í hlaðinu, nýjárnaðir því að stundum þarf að spretta úr spori í göngum og réttum (Ólína Jónasdóttir 1946:94).

Lýsing Ólínu er í senn einlæg og skáldleg og augljóst er, að hér er um að ræða góða minningu. Hún og systkini hennar hlökkuðu lengi til þessa dags því honum fylgdi jafnan gleði og glaumur. Allt var þrifið hátt og lágt, kaffi brennt, vegna þess að gangnamennirnir komu svo í kaffi um kvöldið. Börnin biðu í eftirvæntingu eftir komu þeirra og fögnuðu ákaft þegar sást til þeirra nálgast bæinn. En móðir þeirra var ekki eins spennnt og þau að taka á móti þessum hópi, það áttu börnin erfitt með að skilja. Húsið fylltist af mönnum og móðir þeirra hafði ekki við að hella upp á kaffi (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:94-96). Þetta hefur verið töluvert álag fyrir barnmarga móður

að sinna öllum þessum hópi sem síðan svaf um nóttina á bænum. Allar uppákomur og gestangangur hefur verið börnunum mikil upplyfting í gráum hversdagsleikanum og Ólína segir frá því að alltaf hafi verið tekið vel á móti gestum á heimili foreldra hennar. Bærinn stóð við þjóðbraut og því var algengt að ferðamenn kæmu við og dveldu nokkra daga. Þar á meðal var einn maður sem nefndur var Guðmundur dúllari. Hann gat gefið frá sér sérstakt trilluhljóð með muninum og þótti það hin besta skemmtun. Fólk borgaði honum fyrir að mynda þetta hljóð en Ólína og systkini hennar fögnuðu honum ekki síður vegna þess að oft hafði hann með sér bækur sem hann var að selja. Þessi maður stoppaði oft í viku á Fremri-Kotum (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:98-99).

Kristrún á Kúskerpi var lítið fyrir gestakomur, en þó tók hún sérlega vel á móti sumum. Þá var malað bankabygg, bakaðar lummur og hitað kaffi (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:21).

Það er á vissan hátt eftirtektarvert að Ólína greinir ekki frá neinum sérstökum tyllidögum, svo sem afmælisdögum eða jólum. Ennfremur er athyglisvert að ekki fjallar hún neitt um ferminguna sína, utan þess að hún greinir frá gjöf Krístrúnar til hennar af þessu tilefni. Gjöfin var söðull, svo stór að Ólína var hissa á því sjálf að hún skyldi tolla í honum. En hann var skrautlegur og settur skjöldum. Ólína var ekki sérlega ánægð með þessa gjöf og Krístrún fann það. Hún minnti Ólínu á það að flestir myndu gleðjast yfir slíkri gjöf (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:56).

„Þó þakkaði ég henni fyrir söðulinn og reyndi að vera þakklát í huganum“ (Ólína Jónasdóttir 1946:57). Það er í raun fremur undarlegt að Ólína skyldi ekki gleðjast meira yfir þessari gjöf, sem hefur verið mjög vegleg á þessum tíma. Hún hefur sennilega ekki verið vön gjöfum í miklum mæli. Hugsanlega hefur hún ekki vitað hvernig hún átti að bregðast við gjöfinni og því sýnt þessi viðbrögð.

Ólína segir að hún ætli ekki að segja frá jólahaldi því aðrir hafi gert því málefni nægileg skil. Hún nefnir þó að á jólum hafi verið gefin nýmjólk út á hræringinn. Einnig greinir hún frá því að jólamatur hafi verið mikill og góður, en sá hængur var á að þeim skammti var ætlað að endast fram að þorra. Það eina sem hún nefnir um páskana er hárfvotturinn á föstudaginn langa. Þá þvoði allt heimilisfólkið á Kúskerpi sér um höfuðið með gömlu hlandi sem búið var að setja glóðarmola í til þess að sótthreinsa það. Ólína minnst þessa verknaðar sem einu af því versta sem kom fyrir hana. Lyktin var slæm og sviðinn í nefi og augum mikill. Ólína telur að þetta hafi

verið gert til þess að hreinsa, í sambandi við trúarlífið (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:30-31).

Svo virðist sem ekki hafi verið gerður mikill dagamunur á Kúskerpi. Sennilega hefur það ekki verið álitinn hluti af lífinu að gleðjast og skanderast eins og talað var um.

Vissulega hefur þó verið einhver dagamunur á jólahátíðum en ekki verður farið út í það hér að geta til um hvernig því var háttað.

Jólin eru hátíð barnanna er stundum sagt og víst er að minningin um jól bernskunnar er mörgum kær. Hér á við eins og í öðru að minna var gert til hátíðabrigða fyrrum og aðstæður og efnahagur fólks settu því þröngar skorður. Hátíðir eins og jól, þar sem reynt var þó að njóta þess besta sem kostur var á, hafa því verið börnum kærkomin tilbreyting í annars fábrotnu lífi (Símon Jón Jóhannsson 1990:60).

Ekki verður komist hjá því að velta fyrir sér hvers vegna Ólína kýs að sleppa allri frásögn af jólahaldi utan þess að segja lítillega frá jólamatnum á Kúskerpi. Ætla mætti að slík hátíð væri ofarlega í huga þegar bernskuminningar eru skráðar. Hugsanlegt er að henni hafi þótt mikilvægara að segja frá öðrum skemmtilegum uppákomum eins og til að mynda gangnadögunum. Það þarf varla að draga í efa að hún hlýtur að hafa átt góðar og ljúfar minningar frá jólahaldi í faðmi fjölskyldunnar þó að þröngt hafi verið í búi.

## Tilfinningatengsl

Ólína fjallar af miklum kærleika um ömmu sína: „Hjá ömmu minni naut ég þess mesta ástríkis, sem ég hefi hlotið um ævina“ (Ólína Jónasdóttir 1946:3). Þetta eru stór og falleg orð. Allar frásagnir Ólínu af ömmu hennar eru í sama dúr, hún hefur veitt henni andlega næringu, hvatningu og ást. Litla stúlkan, sem ólst upp við harðræði að mörgu leyti, hefur verið heppin að eiga að ástvin sem þennan. Ólína greinir frá því að hennar fyrsta sorg hafi verið sú, að kveðja ömmu sína þegar hún fór í vistina á Kúskerpi (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:5).

Það er enginn vafi á því að mörg börn á þessum tíma hafa farið á mis við slíka umhyggju og kærleik sem Ólína bjó að hjá ömmu sinni. Það má heldur ekki gleyma að Ólína átti góða fjölskyldu sem bjó þó við þröngan kost, en hún fór heldur ekki á mis við tilfinningatengsl við foreldra sína og systkini. Frásagnir hennar bera skýran vott um það að henni hafi liðið vel í föðurhúsum. „Glaðlyndi, æskuleikir og alltaf fullt hús af gestum“ (Ólína Jónasdóttir 1946:71). Þessi lýsing er algjör andstæða þess heimilislífs sem virðist hafa verið á Kúskerpi.

Ólína talar af virðingu og væntumþykju um foreldra sína og æskuheimili, en það er greinilegt að amma hennar skipar stærsta sessinn í hennar tilfinningalífi.

Meðan Ólína dvaldi á Kúskerpi hefur hana vantað sömu umhyggju og hún var vön á heimili foreldra sinna og ömmu. Það er ekki hægt að segja að Ólína hafi verið tengd Krístrúnu húsmóður sinni tilfinningaböndum; hún sýndi henni litla sem enga hlýju og talaði oft á tíðum niður til hennar. Eitt atvik sýnir það berlega hversu kaldlynd Krístrún hefur verið gagnvart svona ungu barni. Eitt sumarið sem Ólína þurfti að sitja yfir ánum barst sú frétt að heimsendir ætti að koma, tiltekinn dag. Fólki varð órótt við þessi tíðindi. Kaupamaður einn, sem var í vinnu á Kúskerpi, fékk leyfi til þess að fara heim til sín vegna þess að hann taldi betra að vera heima ef eitthvað skelfilegt myndi gerast. Ólína litla átti að sitja yfir ánum sem fyrr, en var kvíðin og stundi upp þeirri bön við Krístrúnu, að fá að vera nær bænum en hún ætti annars að vera undir venjulegum kringumstæðum.

Hún neitaði fastlega, sagði, að líklega yrði ekkert úr þessum spádómi, enda væri ekkert verra fyrir mig að deyja uppi á heiði en annars staðar. Ég skyldi biðja Guð að vera hjá mér og fyrirgefa mér syndir mínar, sem voru margar og miklar (Ólína Jónasdóttir 1946:43).

Kaldlyndi sem þetta, gagnvart ungu barni, finnst varla hér á landi í dag. Þó er einnig athyglisvert að Krístrún, þessi guðhrædda og hjátrúarfulla manneskja, skyldi ekki óttast atburð sem þennan. Ef til vill hefur hún trúað því að Guð myndi varðveita hana, eða þá að hún hefur ekki viljað að nokkur maður vissi að hún óttaðist heimsendinn líkt og hinir. Ólína hlýddi þessu og bað til Guðs. Hún bað hann að fyrirgefa allar syndir sínar og fann frið og gleði við bænirnar (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:43). Það er aðdáunarvert hversu hugrökk Ólína hefur verið og þarna kemur einnig í ljós hvað máttur trúarinnar og bænarinna hefur verið sterkur. Trúin á það að almættið myndi bjarga öllu varð óttanum yfirsterkari.

Aldrei nefnir Ólína að Krístrún hafi hælt henni eða sýnt henni blíðuhót. En söðullinn, sem hún gaf henni þegar hún fermdist, hefur ef til vill verið hennar leið til þess að tjá Ólínu væntumþykju sína. Einnig gaf hún henni svokallað himnabréf sem hún hafði sjálf miklar mætur á. Hún sagði þetta bréf geta verndað Ólínu gegn eldsvoða og öðrum granda. Lýsing Ólínu á Krístrúnu gefur til kynna að hún hafi verið fremur kaldlynd og svo alvarleg að hún bað guð að fyrirgefa sér hláturinn ef hún lét það eftir sér að hlæja. „Kristín var alvörukona mikil, man ég aldrei eftir að hún væri kát. Hún var vel greind, fastlynd og fáorð, gætin og hyggin“ (Ólína Jónasdóttir 1946:6). Það má ef til vill ætla það að þessi kona hafi þjáðst af þunglyndi. Fólk hefur sennilega upplifað einhverja vanlíðan án þess að geta tjáð hana, hvorki í hugsun hvað þá í orði. Þá tíðkaðist ekki að fólk bæri tilfinningar sínar á torg. Ekki þarf að efast um að margt fólk hefur verið ásótt af myrkri, kulda, jafnvel hungri og þá er þunglyndið vart langt undan.

Þrátt fyrir allt það kaldlyndi sem Krístrún sýndi Ólínu fer Ólína fremur hlýjum orðum um hana og án allrar gagnrýni;

Þó mér virðist, að aðferð hennar við uppeldi mitt mætti í sumum greinum hafa verið á aðra lund, vildi hún gera úr mér gagnlega manneskju, sem gæfi sig að öðru en draumórum og skáldskap, og hefði ég sjálfssagt haft gagn af því að mörgu leyti (Ólína Jónasdóttir 1946:7).

Ólína er afar raunsæ og réttlát í hugsun þegar hún lítur til baka og horfir á þessa atburði með augum fullorðinnar manneskju. Hvergi er hægt að greina vott af biturð í garð þeirra hjóna. Miklu fremur má skynja væntumþykju og virðingu gagnvart

þeim. Ólína segir svo frá að hún hafi verið svo lánsöm að fá að hlúa að þeim hjónum á þeirra efri árum, en þau létust bæði meðan hún var hjá þeim á Kúskerpi (Ólína Jónasdóttir 1946:66).

Margar bernskuminningar frá 19. aldar lýsa harðræði eða eftirlæti. Enn og aftur þarf að notast við vitnisburð fullorðinna til þess að skyggjast inn í heim bernskunnar. Vissulega hafa tilfinningatengsl verið mismunandi og mismikil, líkt og þau eru í dag. Ungbarnadauði var algengur og það hefur alla jafna fengið mjög á foreldra að missa börnin sín. Þó hefur það verið mun þungbærara ef börnin voru orðin eldri og eins eftir því sem börnin voru færri á heimilinu. Hins vegar má ekki gleyma að oft hefur barnsfæðing valdið áhyggjum og kvíða foreldra, sökum fátæktar og fjölda annarra barna. Eftir því sem börnin urðu fleiri þá voru meiri líkur á því að foreldrar þyrftu að senda börn sín í vist á aðra bæi. Hugsanlega hefur allt þetta stuðlað að því að fólk hefur ekki tengst eins sterkum tilfinningaböndum, þ.e. óttinn við missi eða aðskilnað hefur heft foreldra í tengslum við börn sín. Stundum hefur þetta gerst ómeðvitað, stundum meðvitað. Hirðuleysi foreldra var meira gagnrýnt af lærðum mönnum þegar kom fram á 19. öld, og talið var að ungbarnadauði gæti meðal annars stafað af því að mæður gáfu börnum sínum kúamjólk í stað brjóstamjólkur.

Börn efnafólks nutu meiri athygli og umhyggju og þau yngri nutu meiri blíðu en þau sem stálpaðari voru. Tilfinningaböndin hafa því verið sterkari eftir því sem efnahagurinn hefur verið betri. Engu að síður ber að varast að alhæfa algjörlega um þessi efni. Það hafa verið til heimili þar sem fátækt var mikil en tilfinningatengsl jafnframt mikil (sbr. Loftur Guttormsson 1983:186-190).

Gott dæmi um slíkt heimili er æskuheimili Ólínu. Þar virðast kærleikur og gleði hafa verið við völd þrátt fyrir fátækt og barnafjölda. Einnig batnaði efnahagur fjölskyldunnar um það leyti sem Ólína fermdist og kom heim úr vistinni á Kúskerpi. Þetta sýnir það að kærleikurinn kostar ekki neitt, en verðmæti hans verða aldrei mælanleg.

Svo lýsir Ólína foreldrum sínum:

Pabbi var hygginn bóndi og vann hverja stund. Hann óf allan veturinn og fram á vor, auk vanalegra heimilisstarfa, og margir borguðu það vel. Mamma hafði stóran verkahring. Umhyggja fyrir börnunum og þá ekki síður gestagangur

heimtuðu hverja stund. Hún var gáfuð og góð kona og svo greiðasöm, að af bar (Ólína Jónasdóttir 1946:71-72).

Ef bornar eru saman lýsingar Ólínu á Krístrúnu annars vegar og móður sinni hins vegar, eru þessar tvær lýsingar afar ólíkar. Ekki má gleyma því að önnur konan er móðir hennar en hin ekki. Af lýsingum að dæma hafa foreldrar Ólínu verið fremur léttlyndar og jákvæðar manneskjur sem ekki hafa látið fátækt og basl buga sig. Ef til vill má rekja lífsgleði þeirra til barnalánsins. Krístrún átti aðeins eina dóttur og hugsanlega hefur hún þráð að eignast fleiri börn en ekki getað af líffræðilegum orsökum.

Það er margt í frásögn Ólínu sem sýnir hversu næm hún hefur verið. Hún lýsir því meðal annars að hún hafi skynjað dauða manns sem var gestkomandi á heimili foreldra hennar á Fremri-Kotum. Hún fann fyrir miklum ótta og ónotum í sambandi við þennan mann. Skömmu síðar varð þessi ungi maður úti á Holtavörðuheidi (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:100-101).

Einnig segir Ólína frá því að hún skynjaði fyrirfram veikindi á heimili sínu. Þá var bróðir hennar lagstur með lungnabólgu og í framhaldi af því veiktist faðir hennar og lést eftir erfið veikindi (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:104).

Ólína lýsir engum tilfinningum við missi föður síns, þó svo að lesandi greini í frásögn hennar hversu vænt henni þótti um hann.

## Aginn og áhrif hans

Fram á 19. öld var það daglegt brauð að börn væru hýdd. Ástæðurnar voru margskonar. Börn voru hýdd fyrir óhlýðni, ýmis mistök eins og það að detta í bæjarlækinn, fyrir það að hlæja, eða tapa kindum í yfirsetunni, svo dæmi séu nefnd. Hrísvöndurinn var mikið notaður allt fram á 19. öld. Notkun hans minnkaði þó um lok þeirrar aldar. Þó svo að Ólína hafi kynnst löðrungum í vistinni á Kúskerpi, virðist enginn hrísvöndur hafa verið þar á bæ.

Það þótti ekki góður siður að hlæja meðan matast var og einhverju sinni varð Ólínu það á að hlæja að litlum kettlingi sem var að leik á gólfinu hjá henni þar sem hún var að drekka kvöldmjólkina sína. Hún fékk vænan kinnhest fyrir (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:16).

Eins og áður er getið var Ólína látin sitja yfir ánum. Eitt sinn tapaði hún þremur kindum. Hún hélt heim á leið án þess að hafa fundið kindurnar eftir mikla leit fram á nótt, og sofnaði. Hún var vakin af værum blundi með harkalegum löðrungi sem lenti á nefi hennar og olli miklum blóðnössum. Ólína varð mjög sorgmædd og fannst hún yfirgefin af Guði og mönnum. Þetta varð til þess að hún reyndi að strjúka úr vistinni en hún náðist spottakorn frá bænum (Sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:44).

Enginn var vondur við mig, þegar heim kom, og ekkert var um þetta talað. En sársauka mínum kýs ég ekki að lýsa. Ég vil ekki kasta skugga á minningu fösturforeldra minna, því að þau voru bæði mætar manneskjur og létu sér annt um mig alla æfi. En af þessu má nokkuð marka, hver voru kjör vandalausra barna á þeim árum (Ólína Jónasdóttir 1946:45).

Sennilega skortir orð til þess að lýsa þeim sársauka sem óhörðnuð barnssálin upplifði við þennan atburð. Á þessari stundu hefði barn svo sannarlega þurft á hlýju og skilningi að halda, en þarna var hlýjan frá ömmu hennar ekki til staðar. Hins vegar má segja að Ólína hafi búið að því að hafa fengið hlýju ömmu sinnar í veganesti. Einnig hefur hún búið að því að eiga gott heimili hjá foreldrum sínum þar sem engin harka var viðhöfð í uppeldinu. Að vissu leyti þó, hefur það reynst henni erfiðara að upplifa þessa hörku sem hún átti annars ekki að venjast á sínu æskuheimili. En það hefur sennilega bjargað andlegri heilsu hennar að búa að góðu atlæti og andlegri næringu í upphafi. Hún hefur orðið sterkari einstaklingur fyrir vikið, en ef hún hefði ekki fengið neitt atlæti í veganesti. Það var til fólk sem elskaði hana nógu mikið til þess að sýna henni það með hlýju og kærleika. Það var ástæða þess að hún vildi komast burt úr vistinni og komast í hlýjan faðm ömmu sinnar og foreldra. Það verður ekki hjá því komist að leiða hugann að því hversu miklu hugrekki það lýsir og ekki síður örvæntingu að hún skuli hafi reynt að strjúka úr vistinni í kjölfar þessa atburðar. Sennilega má segja að hugurinn hafi borið hana hálf leið, en það er drjúg vegalengd frá Kúskerpi að Fremri-Kotum, fyrir fótgangandi manneskju. Faðir hennar frétti af þessum atburði og kom til fundar við Ólaf húsbónda Ólínu. Eftir það minnkaði harðræðið gegn henni (Sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:45). Þessir tveir löðrungar eru þeir einu sem Ólína segir frá þó svo að hún segi frá að hún hafi verið barin. Einnig fékk hún kinnhest ef hún las rangt í kverinu. Ástæður þessara tveggja löðrunga eru afar ólíkar en hvorug þeirra er hegning fyrir „óþekkt“ og spurning hvort um eiginlegan aga er að ræða. Miklu fremur væri hægt að tala um einhverskonar kúgun hinna fullorðnu gagnvart barninu og hrottaskap. Þetta er vert að skoða nánar.



„Berja skal barn til batnaðar“ segir gamalt máltæki. Barsmíðar sem þessar hafa brotið niður saklausar barnssálir og gert börnin undirgefnari. Það er ljóst að ekki voru öll börn eins heppin og Ólína að eiga að góða fjölskyldu og þurfa ekki að vera alla sína ævi í vist hjá vandalausum.

Það er erfitt að átta sig á því hvers vegna barsmíðar sem þessar þóttu eðlilegur hluti af íslensku sveitalífi í kringum lok 19. aldar. Í þessu samhengi er rétt að nefna eitt atvik sem Ólína segir frá og varðar barsmíðar af hennar hálfu gagnvart hvolpi einum sem hún hafði miklar mætur á. Hvolp þennan átti Ólína að hafa með sér einn daginn í hjásetunni. Sú hjáseta endaði á þann veg að hvolpurinn hljóp með allar kindurnar heim að bænum. Ólína reiddist mjög og ætlaði að berja hvolpinn en höggið missti marks. Þegar henni hafði runnið reiðin fylltust augu hennar að tárur og samviskan tók að naga hana (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:47-48).

Ég launaði honum vináttuna með því að berja hann, og mér fannst ég vera stórsyndari fyrir Guði og mönnum. Bað ég Guð af öllu hjarta að fyrirgefa mér og láta ekki slíkt ódæði koma fyrir aftur (Ólína Jónasdóttir 1946:48)

Stúlkan sem var sjálf barin fyrir ýmis atvik og saklaus mistök leit á sjálfa sig sem stórsyndara að berja litla vin sinn og kallar verknaðinn ódæði. Hér er að finna töluverða andstæðu við þann hugsunarhátt sem virðist hafa ríkt meðal hinna fullorðnu á Kúskerpi og víða annars staðar. Viðbrögð Ólínu sýna best hversu heilbrigð réttlætiskennnd hennar hefur verið fyrir þeim sem voru minnimáttar. Í þessu samhengi verður ekki hjá því komist að spyrja sig hvar réttlætiskennnd hinna fullorðnu var, þegar börn voru barin.

Miskunnarlausar barsmíðar og hýðingar á börnum og unglingum héldust við á sumum stöðum langt fram á síðasta hluta 19. aldar. Voru það aðallega niðursetningar, tókubörn eða olnbogabörn sem máttu þola þetta harðræði. Þessi uppeldisstefna kom ekki til af hatri til barnanna; talið var að harðneskja og hræðsla væri eina leiðin til þess að gera menn úr börnunum (sbr. Jónas Jónasson 1961:272).

„Þetta gerði börnin þrá og köld, ól upp í þeim þrjúsku og sviksemi og spillti hugarfarinu“ (Jónas Jónasson 1961:272).

Það má vera að harðræðið, sem Ólína mátti þola, hafi gert hana þrjúska, en því fer fjarri að hugarfar hennar hafi spillt við það, eða að hún hafi gerst sviksöm.

Frásögn Ólínu bendir skýrlega til þess að húsbændur á Kúskerpi hafi tilheyrt þeim hópi sem viðhafði refsingar í formi barsmíða og löðruna, fram undir lok 19. aldar.

Sennilega hafa þau lifað eftir þessari gömlu uppeldisstefnu, en hvort þau löðrunguðu sína eigin dóttur nefnir Ólína aldrei.

Það er einnig athyglisvert að börn eins og niðursetningar, tókubörn og olnbogabörn voru einna helst beitt þessu ofbeldi, þegar þessi uppeldisaðferð var annars að líða undir lok. Það segir töluvert um hugsunarháttinn; þeir sem voru minnimáttar, þeir skyldu barðir. Þetta vekur upp töluverðar efasemdir um það sem upphaflega var talin ætlunin með þessari aðferð, að gera börnin að mönnum. Fremur skyldi ætla að hér hafi verið um að ræða hreinan hrottaskap og illkvittni.

Í dag er það mál lögreglu og barnaverndar ef barn þarf að þola barsmíðar af þessu tagi. Því miður er slíkt ofbeldi til staðar í þjóðfélaginu í dag. Sú breyting hefur þó orðið á að ofbeldi telst ekki hluti af uppeldisaðferðum nútímans.

Þeir sem beita börn ofbeldi þurfa nú að taka út sína refsingu, þ.e. ef upp kemst um verknaðinn.

## Einveran og kveðskapurinn

*Fram að Kotum ferðast ég  
að finna moturseyju.  
Ætla að nota nýjan veg,  
nú í snotri treyju.*

(Ólína Jónasdóttir 1946:60).

Svo orti Ólína á níunda aldursári, á leið heim til foreldra sinna og ömmu, full tilhlökkunar. Þetta er elsta vísan sem Ólína segist muna eftir.

Það má glögg sjá hversu gott það var fyrir Ólínu að geta ort, og hversu tengd hún var náttúrunni. Hún sá fegurð náttúrunnar og naut hennar. Með því að njóta náttúrunnar og semja kvæði og vísur gat hún skapað sér sína eigin veröld sem enginn stjórnaði nema hún sjálf. Þó svo að hún þyrfti að fara leynt með sinn kveðskap þá naut hún þess að semja, og gat þannig gleymt um stund, hinum grákalda hversdagsleika.

Sigurður vinnumaður á Kúskerpi var Ólínu góður vinur og þau skemmtu sér stundum við það að kveðast á, hann orti fyrirpart og hún botnaði. Þau gættu sín vel á því að enginn heyrdi til þeirra því oft voru þau að búa til vísur um líðandi stund á bænum. Eins og áður er getið var hverjum og einum skammtaður matur á jólum sem átti að

endast fram á þorra. Sigurður bjó til fyrripart þegar þau voru að klára leifarnar af jólamatnum;

Og Ólína botnaði: *Vistina hér ég varla tel  
vera með þeim bestu.  
Mundu að spara matinn vel,  
maulaðu hægt og lestu.*  
(Ólína Jónasdóttir 1946:17).

Það má segja að kveðskapur sem þessi hafi verið krydd í annars tilbreytingasnauðri tilverunni. Þarna slóu þau á léttu strengi um málefni sem var í raun mjög alvarlegt mál. Það þykir sennilega engum gaman að þurfa að spara matinn við sig en þarna tókst þeim með hjálp skáldagyðjunnar að gera gott úr hlutunum.

Eins og áður er getið var það Guðrún vinnukona sem kom Ólínu inn í það verk að gæta ána; hún tjáði henni að kindurnar væru mikið fyrir söng og kveðskap og hvatti hana til þess að láta þær heyra sem mest af slíku. Það kom sér vel fyrir unga skáldið að geta fengið útrás fyrir kveðskapinn. Einnig söng Ólína hástöfum fyrir kindurnar og þær færðu sig þá oft nær henni. Þetta segir Ólína að hafi verið góðar stundir sem fengu hana til að gleyma kulda og vosbúð (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:47).

Ólína segir að hún hafi verið ung þegar hún fór að hlusta eftir stuðlum og rími.

Hún telur að allar þær rímur og kveðskapur sem hún var látin lesa hafi haft þau áhrif á hana að hugsanir hennar urðu að ljóðum og jafnvel heilum kvæðum. Hún segist hafa farið leynt með þennan kveðskap sinn eins og áður er getið, bæði vegna þess að skáld og hagrýðingar voru álitnir letingjar sem ekki ynnu fyrir sér, og einnig vegna þess að hún fann að hún átti ekki að flíka þessu. Hún skrifaði gjarnan ljóðin sín á gömul umslög og eitt sinn fann Krístrún eina vísu sem hún hafði skrifað. Vísan var brennd og skáldið fékk duglega ráðningu, sem sennilega hefur falið í sér vænan löðrung (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:50-51). Þessi viðbrögð hafa ekki verið mikil hvatning fyrir litla stúlku sem hafði þessa náðargáfu. En ekki tókst þó að kæfa niður viljann og áhugann;

Ég hafði nú fengið reynslu af því, að ekki var vert að flíka því, sem ég skrifaði niður, en uppi í fjallinu, hjá ánum og hvolpinum, átti ég féлага, sem ekki sögðu frá. Ég tók því með mér í hjásetuna blýantinn, pappírinn, afklippur af gömlum bréfum og notuð umslög og neytti þar færísins að pára niður það, sem mig lysti. Ég naut náttúruvegurðarinnar, og ég heyrði ljóð og lög í lækjarniðnum og fuglakliðnum (Ólína Jónasdóttir 1946:51).

Þarna orti Ólína margar vísur sem hún gróf undir steinum í hjásetunni vegna þess að hún þorði ekki að fara með skrif sín heim í bæinn (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:51-52). Ótal sinnum hefur einvera í náttúrunni ásamt málleysingjum verið manningum huggun í vanlíðan sinni og kærkomið hæli frá raunveruleikanum. Heiðin fjarri bænum, hefur að einhverju leyti komið í stað þeirrar hlýju og huggunnar sem Ólína hafði vanist hjá ömmu sinni. Einvera sem þessi er vafalaust jákvæð þegar manneskjan nýtur hennar með opnum huga. Ein af mörgum leiðum mannsins til þroska.

## Ólíkir heimar

Saga Ólínu er í senn einlæg og sorgleg en jafnframt þroskasaga ungrar stúlku sem lætur ekkert buga sig. Síðast en ekki síst er saga Ólínu sönn og opnar lesanda dyr inn í veruleika sem er annars svo fjarri nútímamanninum. Þess vegna getur reynst erfitt að finna samsömun þessa tveggja heima, þess gamla og þess nýja. Eitt er þó víst að börn verða alltaf börn og þurfa öll tíma til að þroskast og verða fullorðin. Einnig er það víst að hinir fullorðnu munu alltaf hafa líf og þroska barnanna í höndum sér. Heimur barnanna verður alltaf heimur hinna fullorðnu.

Ólína fékk að kynnast miklum andstæðum í sínum uppvexti, annars vegar kærleika og hlýju, hins vegar harðræði og skeytingarleysi. Börn nútímans kynnast sennilega fá slíkum andstæðum. En öll hafa þau gott af því að fræðast um, og gera sér grein fyrir að formæður og feður þeirra lifðu ekki því lífi sem þau þekkja sjálf. Það gæti verið nútímabarni mikill lærdómur að bera líf Ólínu saman, við sitt eigið.

Manneskjan mun ætíð teljast tilfinningavera og mun alltaf hafa þörf fyrir snertingu, hlýju og hvatningu.

Ólína ætlaði ekki að skrifa æviminningar sínar. Hún segir þessa þætti skráða fyrir þrásækni annarra og hún hafði orðið við því í þeirri von, að einhver fróðleikur varðveittist (sbr. Ólína Jónasdóttir 1946:106).

Ólína Jónasdóttir er sannkölluð hetja. Hún er ekki bara hetja fyrir það að láta ekki bugast, heldur verða að manneskju og þarfur þjóðfélagsþegn. Ennfremur stöndum við sem lesum sögu Ólínu, í þakkarskuld við hana fyrir það, að leyfa okkur að skyggjast inn í hugarheim sinn og bernskuminningar. Fyrir það er hún ekki síður hetja.

## Heimildaskrá

Árni Böðvarsson. 2002. Íslensk orðabók. Edda, Reykjavík.

Haraldur Hannesson. 1991. *Fegurð Íslands og fornir sögustaðir*. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Jónas Jónasson. 1961. *Íslenskir þjóðhættir*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Loftur Guttormsson. 1983. *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Ólína Jónasdóttir. 1946. *Ég vitja þín æska*. Bókaútgáfan Norðri H.F., Akureyri.

Simon Jón Jóhannsson, Bryndís Sverrisdóttir. 1990. *Bernskan*. Örn og Örlygur, Reykjavík.

